



MINNISBLAÐ

Dagsetning: 26. ágúst 2026

Höfundur: Ólafur K. Nielsen

Málsnúmer: 202601-0041

Efni: Vöktun fálka 2026

Rannsóknir hafa verið stundaðar á stofnvistfræði fálka á Norðausturlandi síðan 1981.¹ Fálkarannsóknasvæðið er um 5.300 ferkílómetrar. Fullorðnir fálkar helga sér óðul og búa þar allt sitt líf (1. mynd). Óðalið nær yfir hreiðurklettinn og nánasta umhverfi hans en veiðislóðin er sameiginleg með öðrum fálkum. Fálkaóðulin eru hefðbundin og notuð kynslóð eftir kynslóð. Þegar fálkum fækkar fara sum óðul úr ábúð en eru setin á ný þegar stofninn vex. Aðalfæða fálka öll ár er rjúpa og til að ráða í breytingar á stofnstærð og frjósemi er nauðsynlegt að hafa glögga mynd af ástandi rjúpnastofnsins.² Í þessum rannsóknum er ábúð á fálkaóðulum metin og þannig fæst vísitala fyrir stærð varpstofnsins. Einnig er viðkoma fálkanna metin, ásamt tímasetningu varps og fæðuvali þeirra að vori og sumri. Rjúpnatalningar fara fram á vorin eftir að karrarnir hafa helgað sér óðul og talningar á rjúpuungum eru gerðar síðsumars.



1. mynd. Fullorðinn fálki, karlfugl, á óðali í Suður-Pingeyjarsýslu í júní 2026. Ljósm. Þorfinnur Sigurgeirsson.


¹ <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19010.pdf>

² <https://assets.peregrinefund.org/docs/project-data/book-applied-raptor-ecology/ch-03-applied-raptor-ecology.pdf>



Rjúpnatalningar fóru fram á sex talningareitum á fálkarannsóknasvæðinu líkt og árlega frá 1981 (2. mynd).³ Samanlagt flatarmál reitanna er 26,8 km². Stofnvísitala rjúpunnar er reiknuð sem meðalþéttleiki karra á reitunum sex. Árið 2026 var vísitalan 14,1 karri á ferkílómetra (spönn 6,4–21,3 karrar/km²; staðalfrávik 5,53). Varpstofn rjúpu á rannsóknasvæðinu er mjög sterkur í samanburði við fyrri ár er og vísitalan árið 2026 er sú hæsta frá upphafi talninga árið 1981 (3. mynd A). Líklega þarf að fara liðlega 70 ár aftur í tímann til að finna sterkari rjúpnastofn á Norðausturlandi.

Talningar á rjúpuungum voru gerðar í lok júlí. Við talningarnar var gengið um úthaga á vestanverðu Tjörnesi og allar rjúpur sem fundust skráðar. Samtals fundust 100 kvenfuglar og voru 11 þeirra, eða 11%, án unga (95% öryggismörk voru 6% og 19%, efri og neðri vikmörk).⁴ Meðalfjöldi unga á hvern kvenfugl var 6,4 (spönn 0–21 ungi; staðalfrávik 4,73 ungar). Hlutfall unga í stofninum síðsumars var 76% (95% öryggismörk voru 72% og 80%, efri og neðri vikmörk).⁵ Í samanburði við fyrri ár var varpárangur rjúpu sumarið 2026 í meðallagi (3. mynd B).




2. mynd. Fálkarannsóknasvæðið á Norðausturlandi. Rjúpnatalningasvæði eru sýnd með svörtum hringjum.

³ <https://timarit.is/page/4259160#page/n25/mode/2up>

⁴ Útreikningar öryggismarka voru gerðir á vefsíðunni <https://epitools.ausvet.com.au/>

⁵ Hlutfallið var reiknað út miðað við fjölda kvenfugla sem sáust og að helmingur unga hafi verið kvenkyns.



3. mynd. (A) Árlægur meðalþéttleiki rjúpakarra á sex talningareitum í Þingeyjarsýslum 1981 til 2026. (B) Viðkoma rjúpu á Norðausturlandi 1981 til 2026. Rauði ferillinn sýnir meginleitni gagnaraðarinnar (LOWESS ferill; locally weighted scatterplot smoothing).

Á fálkarannsóknasvæðinu eru þekkt 88 fálkaóðul, eða um 14% af þeim 647 fálkaóðulum sem þekkt eru á Íslandi.⁶ Öll þekkt óðul á rannsóknasvæðinu voru heimsótt sumarið 2026 til að meta ábúð. Af þeim voru 35 setin af fálkum og ábúðarhlutfallið því 40% (95% öryggismörk voru 30% og 50%). Þetta er um þriðjungsaukning frá því í fyrra en árið 2025 var það lakasta frá upphafi fálkatalninga (4. mynd). Í árána rás hefur fálkastofninn risið og hniðið í takt við stofnbreytingar rjúpu. Hlutfall óðala í ábúð var innan eðlilegra marka allt til vors 2022 síðan hallaði undan fæti og fálkum fækkaði verulega 2023 til 2025. Það sem hefur ráðið þessari miklu fækkun er fuglaflensa (HPAI: Highly Pathogenic Avian Influenze). Fuglaflensufaraldur hófst á Bretlandseyjum haustið 2020 og þá um veturinn var smit staðfest í fjölda fuglategunda, þar á meðal heiðagæsum og grágæsum.⁷ Íslenskar heiðagæsir og grágæsir hafa vetursetu á Bretlandseyjum og fuglaflensan barst til Íslands með farfuglum strax vorið 2021. Frá ársbyrjun 2021 til mars 2026 voru 26 fálkar skimaðir fyrir fuglaflensu, allt fuglar sem fundust dauðir eða deyjandi. Fjórtán þeirra, eða 54%, reyndust smitaðir af flensu (95% öryggismörk voru 36% og 71%). Fyrsta staðfesta flensusmitið í fálka var 31. júlí 2021 og það síðasta 27. september 2025. Engir flensusýktir villtir fuglar hafa fundist á Íslandi síðan í mars 2026.⁸


⁶ Náttúrufræðistofnun, óbirt gögn

⁷ <https://www.gov.uk/government/publications/avian-influenza-in-wild-birds>

⁸ <https://www.mast.is/is/baendur/alifuglaraekt/fuglaflensa>



Það er athyglisvert að aukning fálka á milli árána 2025 og 2026 er að stórum hluta borin uppi af árgömlum fuglum. Samtals voru 29 óðalsfálkar aldursgreindir vorið 2026 og reyndust sjö þeirra, eða 24%, vera árgamlir (95% öryggismörk voru 12% og 42%; 5. mynd). Mjög sjaldgæft er að árgamlir fálkar helgi sér óðul. Þetta háa hlutfall endurspeglar væntanlega bæði betri lifun ungfugla en síðustu vetur og þann mikla fjölda fálkaóðala sem er í eyði. Það eru því miklir möguleikar fyrir nýliða að finna gott óðal til að setjast að á. Hátt hlutfall árgamalla fugla í varpstofni í kjölfar fuglaflensufaraldra virðist almennt einkenna fálkastofna og slíkt hefur verið skráð hjá förufálkum bæði á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu.^{9,10}



4. mynd. Ábúð á fálkaóðulum í Þingeyjarsýslum 1981 til 2026.

⁹ Smith, G. D., McGrady, M. J., Beckmann, B. C., & Oli, M. K. (2025). Potential effects of HPAI on occupancy rates, breeding success, age and turnover of breeding Peregrine Falcons *Falco peregrinus* in southern Scotland. *Bird Study*, 72(1), 69–73. <https://doi.org/10.1080/00063657.2024.2396564>

¹⁰ Caliendo, Valentina, Beatriz Bellido Martin, Ron A. M. Fouchier, Hans Verdaat, Marc Engelsma, Nancy Beerens, and Roy Slaterus. 2025. "Highly Pathogenic Avian Influenza Contributes to the Population Decline of the Peregrine Falcon (*Falco peregrinus*) in The Netherlands" *Viruses* 17, no. 1: 24. <https://doi.org/10.3390/v17010024>




5. mynd. Fálkapar á óðali. Kvenfuglinn, vinstra megin, er árgsamall, en karlfuglinn er fullorðinn. Norður-Pingeyjarsýsla í júní 2026. Ljós. Ólafur K. Nielsen.

Hjá 12 fálkapörum komust ungar úr hreiðri. Varpárangur, það er hlutfall óðala í ábúð þar sem ungar komust á legg, var því 34% (95% öryggismörk eru 21% og 51%). Eggjum var rænt úr einu hreiðri. Vöktunarvél var við hreiðrið og henni var líka rænt! Hugsanlega varð annað hreiður fyrir barðinu á ræningjum, ummerki á vettvangi bentu til þess. Hjá 17 öðrum pörum fundust merki um undirbúning varps, það er fuglarnir höfðu stundað tilhugalíf en ekkert benti til að þeir hefðu náð að verpa. Þessi ummerki eru dreifar af rjúpnafiðri á plockstöðum við hreiðurklettinn. Við upphaf tilhugalífs, nokkrum vikum fyrir varp, hættir kvenfuglinn að veiða og karlfuglinn ber í hana æti, sem er nær eingöngu rjúpa. Fálkar bera aðeins æti heim á hreiðurklettinn meðan þeir eru í tilhugalífi, kvenfuglinn liggur á eggjum eða ungar eru í hreiðri og eftir að ungarnir eru orðnir fleygir en eru enn á framfæri foreldranna. Annars er öll bráð étin á veiðistað úti á mörkinni. Á fjórum óðulum, sem örugglega voru setin fálkum, fundust engin merki um að fuglarnir hefðu byrjað tilhugalíf.

Fjöldi fleygra unga var þekktur hjá 11 af þeim fálkapörum sem komu upp ungum. Meðalgildið var 3,2 ungar á par (spönn 2–4 ungar; staðalfrávik 0,75 ungar). Umreiknað fyrir unga á óðal í ábúð var meðalgildið 1,1 ungi (spönn 0–4 ungar; staðalfrávik 1,58 ungar). Upphaf varptíma miðað við fyrsta egg var reiknað fyrir öll 12 pörin. Meðalgildið var 12. apríl (spönn 31. mars – 4. maí, staðalfrávik 10,4 dagar). Aðeins einu sinni áður hefur þetta gildi verið lægra, þ.e.a.s. fuglarnir hafið varp fyrr. Meðalgildið fyrir upphaf varptíma 1981 til 2025 er 19. apríl (n = 45 ár, spönn 3.–27. apríl, staðalfrávik 4,8 dagar). Tímasetning varps einstök ár skiptir máli við túlkun á frjósemi fálkanna. Marktæk tölfræðileg tengsl eru á milli fjölda eggja í hreiðri og upphafs varptíma: því fyrr sem pörin hefja varp, þeim mun fleiri eggjum er orpið og ungahóparnir stærri sem því nemur. Sama á við um varpárangur og meðalfjölda unga á óðalspar, báðir þessir þættir sýna marktæk tölfræðileg tengsl við upphaf varptíma. Umhverfisþættir sem



hafa áhrif á tímasetningu varps eru rjúpnafjöldi og tíðarfar á varptíma.¹¹ Frjósemi fálka árið 2026 var mjög góð ef eingöngu er horft til þeirra para sem komu upp ungum (6. mynd A). Önnur mynd fæst hins vegar þegar frjósemin er metin út frá meðalfjölda unga á óðalspar, en þar stendur árið 2026 lakar (6. mynd B). Þetta lága gildi helgast af því hversu stór hluti paranna reyndi ekki varp. Gnótt var af rjúpu og tíð góð á varptíma og því vekur hátt hlutfall geldpara spurningar. Mögulega skýrist það af því að nokkuð stór hluti óðalsfuglanna var nýliðar sem ekki höfðu reynt varp áður.




6. mynd. Meðalfjöldi fálkaunga á varppar (A) og meðalfjöldi unga á óðalspar (B) miðað við meðal upphafs varptíma, Norðausturland 1981 til 2026. Hver punktur táknar eitt ár. Gildið fyrir 2026 er sýnt með fylltum hring. Reiknað var línulegt aðhvarf og aðhvarfslínur ásamt með 95% öryggismörkum eru sýndar.

Fæðuleifum var safnað úr sex hreiðrum. Í þeim fundust samtals 512 einstaklingar af 15 tegundum fugla. Rjúpa var langalgengasta bráðin og nam hlutdeild hennar í heildargagnasafninu 84% miðað við fjölda og 86% miðað við lífmassa. Lundi var eina tegundin sem var með meira en 5% hlutdeild, eða 8% bæði miðað við fjölda og lífmassa. Marktæk tölfræðileg tengsl eru milli stærðar rjúpnastofnsins og mikilvægi

¹¹ <https://science.peregrinefund.org/legacy-sites/conference-gyr/proceedings/210-Nielsen.pdf>



rjúpunnar í fæðu fálkanna (7. mynd). Hátt hlutfall rjúpu í sumarfæðu fálka árið 2026 endurspeglar því sterkan rjúpnastofn.



7. mynd. Tengsl hlutdeildar rjúpu í fæðu fálka (% af fjölda) við þéttleika rjúpna. Norðausturland 1981 til 2026, hver punktur eru niðurstöður frá einu ári ($n=46$ ár). Gildið fyrir 2026 er sýnt með fylltum hring. Reiknað var línulegt aðhvarf og aðhvarfslína ásamt með 95% öryggismörkum er sýnd.

Samandregið sýndu rjúpnatalningar á Norðausturlandi vorið og sumarið 2026 að varpstofninn var sá stærsti síðan rannsóknin hófst vorið 1981, en viðkoma var í meðallagi miðað við fyrri ár. Vöktun fálka sýndi að varpstofninn óx um þriðjung á milli árána 2025 og 2026. Þetta er ánægjuleg þróun eftir mikla fækkun umliðin ár og bendir aukningin til þess að dregið hafi úr sýkingum vegna fuglaflensu. Marktækt stór hluti nýliða í varpstofninum voru fálkar á fyrsta ári en slíkt einkennir fálkastofna sem eru að rétta úr kútnum eftir stofnhrun vegna fuglaflensu. Viðkoma fálkanna, miðað við meðalfjölda unga á óðal í ábúð, var í slöku meðallagi þrátt fyrir gnægð rjúpna og góða tíða á varptíma. Mögulega skýrist það af því að stór hluti varpstofsins var nýliðar sem ekki höfðu reynt varp áður.

Það er áhyggjuefni að þrátt fyrir áratugalanga friðun fálka og mikla fækkun þeirra í kjölfar fuglaflensufaraldra síðustu ár skuli eggjaræningjar enn að herja á stofninn. Þetta er ósvinna sem verður að stöðva.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Karl Nielsen, okn@natt.is eða í síma 843 9935.